



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Skjólbrekku- og bókasafnsnefnd.**

Fundur haldinn í nefndinni mánudaginn 23. september 2002 kl. 17:00 á skrifstofu Skútustaðahrepps.

Mættir: Egill Steingrímsson, Unnur Sigurðardóttir og Jóhanna Njálsdóttir. Auk þeirra sat sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

**1. Kosning formanns, varaformanns og ritara.**

Egill Steingrímsson kosinn formaður, Unnur Sigurðardóttir, varaformaður og Jóhanna Njálsdóttir ritari.

**2. Starfið framundan.**

Um komandi áramót rennur samningur UMFM og Skútustaðahrepps um leigu á eignahlut ungmennafélagsins í Skjólbrekku út. Jafnframt rennur samningur Skútustaðahrepps og Mývatns ehf um rekstur og vörslu Skjólbrekku út á sama tíma. Nefndin mælist til að Íþrótt- og ungmennafélaginu Mývetningi, sem hefur tekið við hlutverkum UMFM og Íþróttafélagsins Eilífs, verði ritað bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um eignarhald og framtíð Skjólbrekku.

Að þeim viðræðum loknum verði teknar ákvarðanir um vörslu og rekstur Skjólbrekku.

Fleira ekki gert  
fundi slitið  
Egill Steingrímsson  
Unnur Sigurðardóttir  
Jóhanna Njálsdóttir